

# STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1970

30. nóvember 1970.

693

Nr. 257.

## REGLUGERÐ

### um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar.

#### 1. gr.

Viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) aðfluttrar vöru eða sendingar, skal, áður en hann vitjar vörunnar, afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega aðflutningsskýrslu um vöruna eða sendinguna, í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá komudegi þess fars, er flutti vöruna til landsins, sbr. 15., 16. og 23. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. og reglugerð nr. 38/1969.

#### 2. gr.

Því aðeins telst aðflutningsskýrsla fullgild, að hún sé eins úr garði gerð og fyrir er mælt í 16. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, skv. heimild í sömu grein, að innflytjanda beri að skila aðflutningsskýrslu vélritaðri og útreiknaðri til fulls, þ. e. a. s., að innflytjandi reikni sjálfur út toll og önnur gjöld svo sem söluskatt, byggingariðnaðargjald, verðjöfnunargjald og önnur gjöld, sem eru eða kunna að verða innheimt við tollafgreiðslu viðkomandi vöru.

#### 3. gr.

Sé svo ástatt, sem segir í 21. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970, og innflytjandi hefur innan þriggja mánaða frá aðflutningi vöru fengið hana tollafgreidda gegn fjártryggingu, getur tollyfirvald framlengt frest þann, sem ákveðinn er í 1. gr., þannig, að hann nemi allt að tveim mánuðum frá þeim degi, er fjártrygging var sett.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1971. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Björn Hermannsson.*

8. desember 1970.

Nr. 258.

## REGLUGERÐ

### um ritun auðkennisnúmers innflytjenda á aðflutningsskýrslu.

#### 1. gr.

Frá ársbyrjun 1971 skal hver innflytjandi tilgreina auðkennisnúmer sitt á aðflutningsskýrslu (sbr. 15. gr. tollskrárlaga, nr. 1/1970) samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í 2. gr.

B 89

Nú er vara, sem inn er flutt, tollfrjáls samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga, og er innflytjanda þá eigi skylt að rita auðkennisnúmer sitt á aðflutningsskýrslu samkvæmt fyrri málsg. þessarar gr. Sama gildir þegar innflutt vara er tollafgreidd samkvæmt 9. tölulið 3. gr. tollskrárlaga.

### 2. gr.

Einstaklingur, sem flytur inn vöru vegna fyrirtækis, sem hann rekur í eigin nafni, skal rita nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá á aðflutningsskýrslu. Einstaklingur, sem flytur inn vöru í eigin nafni af öðrum ástæðum, skal rita nafnnúmer sitt á aðflutningsskýrslu.

Innflytjendur aðrir en þeir, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr. skulu rita á aðflutningsskýrslu auðkennisnúmer sitt samkvæmt fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, sbr. 1. málsg. 5. gr. fyrirtækjaskrárlaga nr. 62/1969. Þetta ákvæði tekur til fyrirtækja með sérstöku heiti (firma), sem rekin eru af einstaklingi, enda hafi þau fengið auðkennisnúmer sem slík í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar.

### 3. gr.

Nú er innflytjanda, er um ræðir í síðari málsg. 2. gr. eigi kunnugt um auðkennisnúmer sitt í fyrirtækjaskrá, og skal hann þá rita það á aðflutningsskýrslu samkvæmt fyrirtækjaskrárgögnum, sem tollyfirvald hefur tiltæk í þessu skyni. Hafi slíkur innflytjandi ekki auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá samkvæmt þessum gögnum, skal hann rita athugasemd þar um á aðflutningsskýrslu. Sé hér um að ræða fyrirtæki, rekið af einstaklingi með sérstöku heiti (sbr. síðari málslið 2. málsg. 2. gr.), skal hann — auk athugasemdar — tilgreina nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá.

### 4. gr.

Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með því, að innflytjendur tilgreini rétt auðkennisnúmer á aðflutningsskýrslu, m. a. með því að krefjast þess af hlutaðeigendum, að þeir sýni nafnskirteini eða skirteini, sem út verður gefið samkvæmt 1. málsg. 5. gr. fyrirtækjaskrárlaga. Að því er varðar þá aðila, er um ræðir í síðari málsg. 2. gr., skulu tollyfirvöld, þegar ástæða er til, sannreyna með uppslætti í fyrirtækjaskrárgögnum, að auðkennisnúmer á aðflutningsskýrslu sé rétt.

### 5. gr.

Tollyfirvaldi er óheimilt að taka aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, nema auðkennisnúmer innflytjanda sé tilgreint á henni, enda sé eigi um að ræða tilvik, er um ræðir í síðari málsg. 1. gr. eða í 2. og 3. málslið 3. gr.

### 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. málsg. 16. gr. tollskrárlaga, nr. 1/1970, gengur í gildi 1. janúar 1971, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*